

REGLUGJÖRÐ

um

skoðun á síld og ýmsar framkvæmdir Síldareinkasölu Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 8, 15. apríl 1928 hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sett eftirfarandi ákvæði um skoðun á síld og um nánari framkvæmdir Síldareinkasölu Íslands.

I. KAFLI.

Framkvæmdarstjórn, prókúra o. fl.

1. gr.

Ekkert skip má afgreiða frá íslenskri höfn, er hefir meðferðis til útlanda síld, saltaða, kryddaða eða verkaða á annan hátt, nema þá, sem útflutt er að tilhlutun, eða með leyfi „Síldareinkasölu Íslands“. Undanskilin er aðeins sú síld, er innlendar verksmiðjur senda út í loftþjettum dósum, beinlausa, eða lagða í olíu eða krydd.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Til þess að skuldbinda einkasöluna þarf undirskrift minst þriggja nefndarmanna.

Nú getur útflutningsnefndarmaður ekki mætt á fundi, eða ekki næst til hans, þegar taka þarf einhverja ákvörðun, og skal þá kveðja til varamann hans.

3. gr.

Þrír framkvæmdarstjórar, kosnir af útflutningsnefnd, hafa á hendi alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar samkvæmt því, sem nánar er tilgreint í 4. gr. einkasölulaganna, sbr. 5. og 7. gr. þeirra. Framkvæmdarstjórar eru jafnir að völdum og hafa hver um sig prókúruumboð fyrir einkasöluna.

4. gr.

Heimili einkasölunnar og varnarþing er á Akureyri.

Útflutningsnefnd er sakaraðili í málum, er einkasöluna varða, og er löglegt að birta stefnu formanni hennar.

59

6. júl

5. gr.

Nú verður einkasalan skaðabótaskyld, og greiðast þá skaðabætur úr varasjóði einkasölunnar, meðan til hrekkur. Nægi varasjóður ekki, greiðast bæturnar til bráðabirgða af óskiftu andvirði seldrar síldar það ár, sem skaðabæturnar falla til útborgunar, ef annað fje er ekki fyrir hendi, en endurgreiðast eigendum þeirrar síldar, að nokkru eða öllu leyti, eftir nánari ákvörðun útflutningsnefndar, þegar varasjóður verður greiðslufær. Nú hefir skaðabótakrafa verið gerð og er þá einkasölunni heimilt að leggja til hliðar fje til skaðabótagreiðslunnar, af andvirði seldrar síldar það ár, er tildrög til skaðabótanna urðu. En komi ekki til skaðabótagreiðslunnar, skal geymslufjenu úthlutað síðar til þeirra síldareigenda, er frádráttinn urðu að þola.

6. gr.

Nú verður einhver skaðabótaskyldur einkasölunni fyrir samningsrof, og renna þær skaðabætur þá í varasjóð.

II. KAFLI.

Umboðsmenn.

7. gr.

Aðalumboðsmenn einkasölunnar skulu vera fimm. Hefir einn þeirra heimili á Akureyri, eða fast aðsetur þar, meðan þörf krefur. Hefir hann til yfirsóknar svæðið frá Langanesi til Ólafsfjarðarmúla. Annar hefir heimili á Siglufirði, eða fast aðsetur, og hefir til yfirsóknar svæðið frá Ólafsfjarðarmúla til Hornbjargs. Þriðji hefir heimili á Vestfjörðum og hefir til yfirsóknar svæðið frá Hornbjargi til Dyrhólaeyjar. Fjórti hefir heimili á Austfjörðum og hefir til yfirsóknar svæðið frá Dyrhólaey til Langaness.

Auk þess skal einkasalan hafa einn sjerfróðan aðalumboðsmann, er hefir aðsetur á Siglufirði eða Akureyri. Skal hann hafa umsjón með þeirri síld, sem er krydduð, sykursöltuð, eða verkuð að einhverju leyti öðruvísi en venjuleg saltsíld.

8. gr.

Aðalumboðsmenn skulu hafa sjerstaklega góða þekkingu á síld og öllu, er að síldarverkun lýtur, svo og á kröfum síldarneytenda í helstu síldarmarkaðslöndum, til þessarar vöru. Sje eigi kostur manna með slíka sjerþekkingu, getur útflutningsnefndin sjeð þeim mönnum, er hún að öðru leyti telur sjerstaklega vel til þess starfa fallna, fyrir fræðslu í þessum greinum, og má til þess verja alt að hálfum kostn-

aði úr markaðsleitarsjóði, gegn hinum hluta kostnaðarins annarsstaðar frá.

59
6. júlí

9. gr.

Útflutningsnefnd gefur aðalumboðsmönnum erindisbrjef, og ákveður laun þeirra. Þeir skulu rita undir eiðstaf, um að hlýða nákvæmlega öllum þeim ákvörðunum, er settar eru og settar kunna að verða, um störf þeirra.

10. gr.

Aðalumboðsmenn geta í samráði við framkvæmdarstjóra og útflutningsnefnd, og með samþykki þeirra, tekið sjer aðstoðarmenn, svo marga sem nauðsyn er á, til þess að gegna þeim störfum, er aðalumboðsmönnum vinst eigi tími til að inna af hendi. Aðalumboðsmenn bera ábyrgð á umboðsstörfum aðstoðarmanna sinna.

Framkvæmdarstjórar, í samráði við útflutningsnefnd, geta látið aðalumboðsmenn skiftast á um eftirlit í umdæmunum, til að fá sem best samræmi í matið um alt land, þar sem síld er flutt út.

11. gr.

Á hverri þeirri verstöð, utan heimilis aðalumboðsmanns, er herpinótasíld, landnótasíld eða netasíld er verkuð á, skal vera aðstoðarmaður. Er honum skylt að gegna matsstörfum tafarlaust, þegar þess er óskað, og öðrum störfum aðalumboðsmanns, eftir fyrirmælum hans.

12. gr.

Laun aðstoðarmanna ákveða aðalumboðsmenn, í samráði við útflutningsnefnd, og teljast þau með öðrum kostnaði við einkasöluna. Þó skal þóknun fyrir mat á nýrri síld og dómarastörf greidd af þeim sjerstaklega, er þessi störf eru unnin fyrir. Þóknun þessa innheimtir einkasalan.

13. gr.

Aðalumboðsmenn og aðstoðarmenn eru trúnaðarmenn einkasölnnar.

14. gr.

Þessi eru störf aðalumboðsmanna:

- a. Að ákveða, í samráði við framkvæmdarstjóra og útflutningsnefnd, alla meðferð síldarinnar, flokkun eftir gæðum, umbúðir, merkingu o. fl. að svo miklu leyti, sem þetta er ekki fastákveðið í lögum eða reglugjörðum. Má enga síld salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, nema með leyfi þeirra.

59
6. júlí

- b. Að hafa nákvæmt eftirlit með því, að fylgt sje öllum reglum, sem settar eru, eða settar kunna að verða, um flokkun síldar, umbúðir um hana og alla meðferð hennar, þangað til hún er flutt úr landi.
- c. Að safna daglega, hver úr sínu umdæmi, skýrslum um afla frá hverju skipi, er stundar síldveiði til söltunar með herpinót reketum eða á annan hátt, svo og um landnótasíld, lagnetasíld o. s. frv., og tilkynna skrifstofunni á Akureyri jafnóðum, svo og hvað saltað er, kryddað eða verkað á annan hátt, og ætlað er til útflutnings, alt eftir nánari tilgreiningu á þar til gerðum eyðublöðum.
- d. Að leiðbeina öllum þeim, er þess óska og við síldarverkun fást, í öllu því, er að síldarverkun lýtur og kenna þeim nýjar verkunaraðferðir, sem útflutningsnefnd og framkvæmdarstjórar telja líklegar til aukins og betri markaðar, og þess vegna æskilegt að kendar verði. Krefjast má þóknunar fyrir leiðbeiningar í nýjum verkunaraðferðum, og rennur hún í markaðsleitarsjóð.
- e. Að leiðbeina útgerðarmönnum í útbúnaði skipa til síldveiða, svo að hagfelt sje til varnar skemmdum á síldinni.
- f. Að meta síldina, segja fyrir um flokkun hennar og merkingu og veita henni viðtöku fyrir einkasölonnar hönd, samkvæmt settum reglum, og gefa vottorð um hana á farmskírteini til útflutnings.
- g. Að skera úr ágreiningsmálum milli seljanda og kaupanda um það, hvort ný síld sje verkunarhæf markaðsvara til manneldis, eða samkvæmt því, sem samningar standa til.
- h. Að halda árlega námsskeið, í samráði við útflutningsnefnd, fyrir þá menn, er gerast vilja trúnaðarmenn einkasölonnar, í öllum þeim greinum, er slíkum mönnum er nauðsyn á að kunna.

III. KAFLI.

Síldarmat og umbúðir.

15. gr.

Enga síld, er einkasölulögin ná yfir, má flytja úr landi, nema hún hafi áður verið verkuð, skoðuð, metin og merkt, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugjörðar.

16. gr.

Tunnurnar skulu vera hreinar og þjettar, úr góðu efni, vel bentar, með hæfilega breiðum og þykkum járngjörðum, eða járn- og trjebentar. Ákveða aðalumboðsmenn í samráði við framkvæmdarstjóra hvað taka skuli gilt, ef ágreiningur verður um stærð og ásigkomulag.

Útflutningsnefnd getur sett sjerstakar reglur um efni í tunnur, þykt á stöfum og botnum, gerð gjarða svo og um rúmtak á tunnum og mæling þeirra. Fara skal eftir fyrimælum trúnaðarmanna einkasölnunnar um það, í hve margar hæðir megi hlaða síldartunnum í skip til útflutnings. 59
6. júlí

17. gr.

Einkasalan hefir heimild til að setja sjerstakar reglur um fitumagn síldar til útflutnings.

18. gr.

Síld þá, sem er krydduð, sykursöltuð, flött, eða verkuð öðruvísi en venjuleg saltsíld, er einkasalan því aðeins skyld að taka til sölu, að fyrimælum sjerfræðings hennar í þeim efnum, hafi verið fylgt og hún telji hana hæfa fyrir erlendan markað.

19. gr.

Nú hefir einhver síldarframleiðandi fengið leyfi til að verka síld til útflutnings samkvæmt 7. gr. einkasölulaganna og getur hann þá fengið metna nýja þá herpinótasíld, landnótasíld og netasíld, er hann ætlar að verka til útflutnings, ef hann sendir aðalumboðsmanni þess umdæmis, er hann ætlar að verka síldina í, beiðni um það, með nægum fyrirvara, og tilkynnir jafnframt, hve mikla síld hann óskar að láta meta nýja, og á hvaða tíma vertíðarinnar.

20. gr.

Síld, sem metin hefir verið ný, má flytja út án endurmats, innan 8 sólarhringa frá því að hún var metin, enda hafi hún allan þann tíma verið undir eftirliti trúnaðarmanns einkasölnunnar, og að hans dómi ekki orðið fyrir neinum skemdum eða hróflun, frá því matið fór fram. Gæta skal þess vandlega, að tunnurnar sjeu vel þjettar og þækilfullar. Á matsvottorðinu skal þess getið, að síldin sje aðeins frummetin.

21. gr.

Alla síld, sem ekki hefir verið metin ný, og flutt út innan 8 sólarhringa frá söltun, skal meta áður en hún er flutt út, þó ekki fyr en hún hefir legið 14 daga í salti. Skoða skal nákvæmlega gæði og stærð 5—25 % síldarinnar, eða meira, ef þörf krefur, eftir því hve jöfn eða misjöfn hún reynist.

Nú reynist síld, að dómi aðalumboðsmanns, eigi útflutningshæf, en þó eigi lakari en svo, að sumt af henni megi telja útflutningshæft, ef valið er úr, og getur þá aðalumboðsmaður leyft þetta, enda á eigandi síldarinnar þá rjett á aðstoð trúnaðarmanns einkasölnunnar til starfsins. Kostnað við þetta greiðir eigandi síldarinnar.

59

6. júl

22. gr.

Nú dregst útflutningur síldar 10 daga eða lengur, frá því er matinu lauk, og skal þá endurmeta hana, áður en hún er flutt út, nema henni að dómi trúnaðarmanns hafi verið haldið svo vel við, að hún hafi ekki getað orðið fyrir skemdum.

23. gr.

Enga síld má flytja um borð í skip, til útflutnings, nema trúnaðarmaður einkasölunnar sje viðstaddur, og líti eftir að allar tunnur sjeu vel lagarfullar, þjettar, hreinar og að öllu leyti í góðu ásigkomulagi.

24. gr.

Til söltunar á venjulegri síld, skal nota nýtt og hreint, hæfilega malað Trapanisalt, eða aðra tilsvarende tegund. Salt í hverja tunnu skal mælt eða vegið og skal fyrir venjulega stórsíld ætla um 27 kíló í hverja tunnu.

IV. KAFLI.

Flokkun og merking.

25. gr.

Alla síld, sem söltuð er, eða verkuð á annan hátt, til útflutnings, skal merkja með firmamerki einkasölunnar, og skal það brent á báða botna tunnanna.

26. gr.

- Flokka skal alla saltaða hafsíld eftir stærð í þrjá flokka, þannig:
1. flokkur: Stór hafsíld. Í þeim flokki skal að jafnaði engin síld vera ljettari en 300 gr. fullsöltuð, og ekki yfir 3 síldir í kíló, að meðaltali í hverri tunnu.
 2. flokkur: Hafsíld. Í þeim flokki skal að jafnaði engin síld vera þyngri en 335 gr., nje ljettari en 225 gr.
 3. flokkur: Smá hafsíld. Í þeim flokki skal að jafnaði engin síld vera þyngri en 270 gr., nje ljettari en 190 gr.

Um flokkun á smærri síld, getur stjórn einkasölunnar sett reglur, eftir því sem við á, á hverjum tíma.

27. gr.

Merkja skal síld þá, er flokka skal eftir stærðum. Heita þau merki stærðarmerki. Skal þau merkja neðan undir firmamerkinu, þannig:

1. flokkur: St. H.

2. flokkur: H.

3. flokkur: Sm. H.

28. gr.

59

6. júl

Flokka skal hvern flokk eftir gæðum í tvo flokka. Merkja skal þessa flokka gæðamerki, með rómverskri tölu, fyrir aftan stærðarmerkin, betri síldina með I. en lakari síldina með II. Flokkun þessa framkvæma trúnaðarmenn einkasölnunnar, eftir nánari fyrirmælum framkvæmdarstjóra.

29. gr.

Umboðsmenn ákveða, í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdarstjóra, hvernig merkja skuli kryddaða og sykursaltaða síld til aðgreiningar frá venjulegri saltsíld, svo og síld, sem söltuð er á annan hátt, magadregin, höfuðskorin, flött o. s. frv.

30. gr.

Framkvæmdarstjórar í samráði við útflutningsnefnd skulu láta gera tilraunir með nánari stærðarflokkun en ákveðið er í reglugjörð þessari. Nú verður einum hinna ákveðnu stærðarflokka skift í fleiri undirflokka og skal þá merkja hvern þeirra fyrir sig með aukamerki. Aðalumboðsmenn ákveða í samráði við framkvæmdarstjóra, hvernig merkja skuli.

31. gr.

Reynist ekki unt að fá síldina flokkaða eftir stærðum, frekar en ákveðið er í þessari reglugerð, á kostnað síldarsaltenda, má gera það á kostnað markaðsleitarsjóðs. Skal þá reikna þeim er síldina leggur til, verð hennar, eftir meðalverði þess flokks, er hún heyrði undir áður, en markaðsleitarsjóður tekur eða greiðir þann verðmismun, er hin aukna flokkun kann að hafa í för með sjer.

32. gr.

Einkasalan hefir rjett til að krefjast þess af saltendum, að þeir magadragi 10% af þeirri síld, sem þeir verka til útflutnings, eða meira ef þörf krefur.

33. gr.

Nú vill framkvæmdarstjórn láta reyna nýjar verkunaraðferðir, og ekki er völ á hæfum manni til þess að gera það fyrir eigin reikning, má þá gera það á kostnað markaðsleitarsjóðs.

59
6. júlí

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

34. gr.

Framkvæmdarstjórn skal stöðugt halda nákvæmar skýrslur um alla síld, sem söltuð hefir verið, krydduð, eða verkuð á annan hátt til útflutnings. Framkvæmdarstjórnin skal og jafnan, svo sem unt er afla upplýsinga um þá síldveiði í öðrum löndum, er áhrif gæti haft á sölu íslenskrar síldar, og yfir höfuð kynna sjer allar markaðshorfur eftir föngum.

35. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, varða sektum frá 1000 til 50000 krónum. Ef brot er ítrekað getur einkasalan neitað að taka síld til sölu og útflutnings, frá þeim er brotið hafa.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist hjer með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

60
11. júlí

SAMÞYKT

um

síldarveiði með herpinótum á fjörðum inn úr Húnaflóa.

1. gr.

Innan beinna lína, er hugsast dregnar frá Drangaskörðum í Ljetthöfða, þaðan í Skriflusker og frá Skrifluskeri í Veturmáfasker, er öllum óheimil síldarveiði, með herpinót, á hvaða tíma árs sem er.

2. gr.

Hreppstjórunum í þeim hreppum, sem liggja að samþyktar-svæðinu, er sjerstaklega falin umsjón með að samþykt þessari sje hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi